

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. janúar 2019


Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð, nr. 130/2016, með síðari breytingum (launafyrirkomulag), þingskjal 554, 413. mál. 149. löggjafarþing 2018-2019

Úrskurður kjararáðs í október 2016 um 44% hækkun þingfararkaus og 36% hækkun ráðherralauna auk ríflegra hækkana á launum embættismanna olli miklum usla í samfélaginu. Úrskurðurinn átti stóran þátt í að stöðva vegferð heildarsamtaka á vinnumarkaði í átt að bættum vinnubrögðum við kjarasamningagerð. Í ályktun dags. 1. nóvember skoraði framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins á Alþingi að endurskoða ákvörðun kjararáðs og í framhaldinu endurskoða lög in um ráðið.

Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins átti sæti í starfshópi þeim sem forsætisráðherra skipaði í ársbyrjun 2018 til þess að leggja fram tillögur að breyttu fyrirkomulagi og skilaði tillögum 15. febrúar 2018. Tillögur starfshópsins voru í meginatriðum þær að laun kjörinna fulltrúa og dómara yrðum bundin í lög og að þau tækju árlega breytingum til samræmis við hækkun reglulegra launa ríkisstarfsmanna.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði að lögum.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri